

## Fundargerð

# Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar

## 6. fundur

Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar kom saman til 6. fundar í ráðhúsi Borgarbyggðar þann 4. mars 2026 kl. 10:00.

### Fundinn sátu:

- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Sigrún Þormar, Skorradalshreppi
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Stefán Broddi Guðjónsson, Borgarbyggð
- Guðveig Lind Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Borgarbyggð
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG sem ritaði fundargerð (sat fundinn á Teams)

### 1. Könnun um val á nafni á nýtt sveitarfélag

Framhald umræðu á 5. fundi. Umræða um útfærslu á könnun á meðal íbúa um val á nafni.

Þórunn Unnur Birgisdóttir, starfsmaður Borgarbyggðar mætti á fund undirbúningsstjórnar og fór yfir svör OneSystems varðandi kosningakerfi í íbúagátt.

#### Afgreiðsla:

Undirbúningsstjórn samþykkir samhljóða að miða þátttöku við þá sem verða 16 ára eða eldri á árinu og felur Þórunni Unni að ganga frá uppsetningu könnunarinnar í íbúagáttinni. Undirbúningsstjórn samþykkir jafnframt að könnunin skuli vera opin í 10 daga. Leggja þarf áherslu á það í auglýsingum og leiðbeiningum til þátttakenda að könnunin sé ráðgefandi.

### 2. Staða verkefnisins

Jón Hrói fór yfir stöðu verkefna. Fram koma að kortlagning samstarfsverkefna, þjónustusamninga og mat á þörf fyrir breytingar á samþykktum er hafin og að gert er ráð fyrir að tillögur liggi fyrir á næsta fundi undirbúningsstjórnar. Stefán Broddi benti á að gera þurfi tillögur að breytingum fyrir aðalfundi félaga þar sem það á við.

#### Afgreiðsla: Kynnt.

### 3. Svar ráðuneytis við ósk um viðbótarframlag vegna kærumála

Lagt fram svarbréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga frá 13. febrúar 2026 þar sem umsókn um viðbótarframlag vegna kostnaðar við svörun má er synjað.

#### Afgreiðsla:

Stjórn til undirbúnings sameiningar Borgarbyggðar og Skorradalshrepps lýsir furðu á því að ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skuli ekki taka málefnalega afstöðu til þess hvor sá kostnaður sem umsóknin varðar falli undir 5. grein vinnureglna um sérstök framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga frá 26.júní 2024. Umsóknin varðar kostnað sem ekki var gert ráð fyrir í kostnaðaráætlun sveitarfélaganna og augljóslega var ekki hægt að sjá fyrir við gerð umsókna um framlög.

Undirbúningsstjórn felur formanni að svara Jöfnunarsjóði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00.